

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Umsagnaraðili: Running Tide Iceland ehf.
Kristinn Árni L. Hróbjartsson, framkvæmdastjóri
Reykjavík, 31. maí 2022

Efni: Umsögn um mál 569 - frumvarp til laga um um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009 (framlenging bráðabirgðaákvæða)

Með frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra eru gerðar tvær breytingar: þak á kostnaði til grundvallar endurgreiðslum lækkað úr 1.100 milljónum í 1.000 milljónir, og endurgreiðsluhlutföll fyrir minni fyrirtæki lækkað úr 35% í 30%.

Running Tide Iceland ehf. er dótturfélag bandaríska nýsköpunar- og loftslagsfyrirtækisins Running Tide, sem stofnað var í Portland, Maine. Félagið hannar og þróar tækni og aðferðir til að nýta hafið og náttúrulega ferla í því til að draga koltvíoxíð úr stuttu kolefnishringrásinni og koma því fyrir í langtímageymslu. Loftslagsbreytingar má að langmestu leyti, rekja til þess að mannkyn hefur síðustu tvö hundruð ár fært gríðarlegt magn kolefnis úr langtímageymslu (í formi jarðefnaeldsneytis) yfir í stuttu kolefnishringrásina.

Running Tide er vel fjármagnað, hefur unnið mörg fremstu verðlaun og viðurkenningar á sviði kolefnisföngunar og förgunar, og er í samstarfi við alþjóðlegar rannsóknarstofnanir á sviði hafrannsóknna. Félagið ákvað fyrir á þessu ári, eftir góð samtöl við ráðafólk Íslands, að setja á fót dótturfélag á Íslandi, sem m.a. mun stunda rannsóknar- og þróunarvinnu, bæði upp á sitt einsdæmi og í samstarfi við innlenda og erlenda aðila. Með þeirri þróunarvinnu kemur fjármagn til tækjakaupa, launa og styrkja til rannsakenda.

Ein ástæða þess að Ísland var eftirsóknarverður staður fyrir félagið eru þeir skattalegu hvatar sem eru í boði fyrir nýsköpunarfyrirtæki sem hyggjast stunda rannsóknir og þróun á Íslandi. Með því að lækka þak og endurgreiðsluhlutfall er verið að auka líkurnar á að þróunarverkefni líkt og þau sem Running Tide stendur fyrir muni leita til annarra landa. Þar sem laun, launatengd gjöld og almennt verðlag er hærra hér en í flestum öðrum löndum, spila hvatar eins og endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar lykilhlutverk þegar fyrirtæki eins og okkar ákveður hvar við fjárfestum.

Ég hvet því háttvirta efnahags- og viðskiptanefnd eindregið til að endurskoða þau áform að lækka endurgreiðsluhlutfall og þak.

Virðingarfyllt,
Kristinn Árni L. Hróbjartsson, framkvæmdastjóri

